

## **2. fundur stjórnar**

Starfsárið 2026-2027

31. mars 2026

**Viðstödd eru:** Bjarndís, Hrönn, Jóhannes, Sveinn, Vera, Kári (framkvæmdastjóri), Margrét (áheyrnarfulltrúi félagaráðs)

**Fundargerð ritar:** Vera Illugadóttir

**Fundur settur:** 16:33.

### **1. Yfirferð og samþykkt fundargerðar síðasta stjórnarfundar**

Stjórn hefur lesið fundargerð síðasta stjórnarfundar og samþykkir hana.

### **2. Félagaráð**

Fyrsti fundur félagaráðs var haldinn í síðustu viku. Bjarndís sat fundinn og segir frá. Fundurinn gekk vel og Bjarndís segir að mikill hugur sé í ráðinu. Anna Katrín er áfram oddviti. Margrét Jóhannsdóttir er nýr áheyrnarfulltrúi félagaráðs í stjórn, stjórn biður hana velkomna. Margrét tekur undir orð Bjarndísar um góðan fund og hug í félagaráði.

### **3. Hlaupahópur frá Bretlandi**

Von er á breskum hlaupahóp til landsins. Þau eru að vinna að verkefni sem tengist trans og hinsegin fólks í íþróttum og vilja gjarnan ræða þau málefni við Íslendinga. Hrönn er í tengslum við hópinn og segir frá. Nokkur möguleg nöfn eru nefnd. Kári og Hrönn taka málið áfram.

### **4. ILGA-Europe**

Í tengslum við vinnu við Regnbogakort næsta árs hefur ILGA-Europe beðið Samtökin '78 að nefna þrjár áherslur í starfi næsta árs, af málefnalista ILGA sem stjórnarliðar hafa fengið. Svára þarf 2. apríl. Stjórn felur Kára að draga fram þrjú atriði og kynna svo stjórn.

### **5. Vinnuhelgi stjórnar og starfsfólks**

Búið er að ákveða dagsetningu vinnuhelgi stjórnar og starfsfólks og velja henni stað, Kjarnholt í Biskupstungum. Formaður fer yfir áherslur helgarinnar og stjórn kastar fram hugmyndum.

### **6. Önnur mál**

Byrjað er að safna styrkjum í tengslum við Reykjavíkummaráþon á Hlaupastyrkur.is. Hrönn hvetur fólk til að safna hlaupurum og styrkjum.

**Fundi slitið: 17:01.**